

<b>Dags eftirlits</b>	9.12.2021	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Steinunn Karlsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Primex, Siglufirði	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella
<b>Heimili</b>	Óskarsgötu 7	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	681197	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðný Helga	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Rúnar Marteinson	<b>Staðsetning</b>	504514,193 628305,621

## Niðurstaða eftirlits

Engin frávik komu fram í eftirlitinu en tvær ábendingar voru skráðar. Engin eldri frávik eru opin.

## Umfang eftirlits

Farið var í eftirlit í kítín- og kítosanframleiðslu Primex á Siglufirði. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
- Hráefna geymslur (gr. 2.1)
- Notkun ketils (gr. 2.2)
- Frárennsli og efnamælingar í viðtaka (gr. 2.8, 2.9, 2.10 og 5.1)
- Sýrustigsmælingar (gr. 2.9), staðan frá því í síðasta eftirliti
- Úrgangur, mulningur af skel (gr. 2.13)
- Efnanotkun (gr. 2.16 og tafla 3.1 í grænu bókhaldi)
- Kvartanir (gr. 3.1)
- Mengunaróhöpp (gr. 4.6)
- Umhverfi útrásar (gr. 2.8 og 5.1)
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir umfang starfseminnar en framleiðsla er svipuð og síðustu ár. Litlar breytingar hafa verið á framleiðsluferlinu.

Varaafsketill hefur ekki verið notaður síðan í desember 2019. Engin olía er geymd á staðnum.

Rætt var um frárennismál og efnamælingar í viðtaka. Mælipunktur fyrir efnamælingar í viðtaka voru í endurskoðun hjá Umhverfisstofnun við síðasta eftirlit, 9. desember 2020. Stofnunin og rekstraraðili eru samþykkt um að mælingar fari fram í sömu staðsetningum og áður, þ.e. 10 metrum norðan og sunnan við útrásina og einnig yfir útrásinni.

Mælingar í viðtaka voru seinast framkvæmdar í mars 2021 og tilheyrðu þær mælingar árinu 2020, en mælingum seinkaði vegna þess að ákvörðun Umhverfisstofnunar um mælipunkta hafði ekki borist. Mælingar vegna ársins 2021 hafa ekki verið gerðar.

Fyrsta þreps hreinsun er á frárennsli frá starfseminni og í gengum þá hreinsun fer einnig frárennsli frá Ramma hf., sem er rækjavinnsla á staðnum. Fráveitu lögnin nær 76 metra út í sjó og er á 10 metra dýpi.

Í eftirliti þann 3. júní 2020 kom fram að pera sem notuð er til að mæla sýrustig í fráveitubrunni lægi stundum í froðu, sérstaklega þegar engin starfsemi væri í gangi en þá er lágt í brunninum. Froðan hefur hærra sýrustig en fráveituvatnið og því væru mælingar ekki að endurspegla rétt sýrustig. Til að leysa þetta, eins og fram kemur skýrslu úr eftirliti 3. júní 2020, lætur rekstraraðili dropa renna niður peruna með jöfnu millibili. Skv. rekstraraðila skekkir þetta ekki meðaltals sýrustigsmælingar en heldur froðu frá mælinum.

Við síðast eftirlit kom fram eitt frávik vegna gagna sem bárust vegna sýrustigsmælinga. Út frá þeim gögnum var ekki hægt að ákvarða hvort rekstraraðili uppfyllti mörk í starfsleyfi vegna sýrustigsmælinga. Rekstraraðili er nú farinn að taka upplýsingar út úr sírita einu sinni í mánuði og gögnin skoðuð með tilliti til þess hvort mælingarnar uppfylli skilyrði starfsleyfisins. Mælingar hafa verið innan marka starfsleyfis frá því að síritinn var settur upp. Því telst frávik úr síðasta eftirliti lokið.

Skulningur fellur til hjá rekstraraðila en í síðasta eftirliti kom fram að vert væri að skoða hvort slíkur úrgangur gæti farið í moltugerð. Rekstraraðili hefur kannað málið og því miður er efnið ekki tækt í slíkt, heldur ekki í fóðurgerð fyrir fiskeldi þar sem efnið er of kalkríkt. Rekstraraðili er bent á að kanna hvort hægt sé að sækja mætti um áburðarleyfi og dreifa efninu á tún.

Í grænu bókhaldi frá rekstraraðila kemur fram að rekstraraðili noti efnið succinic sýru og magnesium stearate. Efnin eru notuð til íblöndunar í framleiðsluvörur og eru því ekki efni sem eru hættuleg umhverfinu.

Engin mengunaróhöpp og engar kvartanir hafa komið fram frá því í síðasta eftirliti.

Samkvæmt gr. 5.1. í starfsleyfi skal skoða umhverfi útrásar á a.m.k. þriggja ára fresti, þetta er gert til að skoða hvort rekstraraðili uppfylli gæðamarkmið sem koma fram í gr. 2.8 í starfsleyfi. Árið 2015 var tekin neðansjávarmyndataka við útrásaropið. Í ár uppfyllti rekstraraðili þessa skoðun með öðrum hætti, þ.e. með því að taka myndir frá landi út yfir sjóinn þar sem útrásaropið er. Tekin var röð af myndum, ein á dag í sex vikur.

Farið var yfir áhættumat 2020 vegna ákvörðunar á tíðni eftirlits fyrir árið 2021.

Farið var í skoðunarferð um verksmiðjuna, sérstök áhersla var lögð á geymslu efna en skel mulningur var einnig skoðaður. Efni eru geymd víða í húsnæðinu eða þar sem handhægast er að nálgast þau í starfsemi. Á einum stað var ætandi efni án lekavarna geymt í hillu, í rýminu var niðurfall.

## Ábendingar

Rekstraraðila er bent á að framkvæmda þarf mælingar í viðtaka fyrir árið 2021.

Rekstraraðila er bent á að skv. gr. 2.1. í starfsleyfi skal geymsla á ætandi efnum vegar traust og þétt, þola viðkomandi efni og tengjast lekavörn.

Reykjavík, 19.01.2022

Steinunn Karlsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta





